

Fundur Öldungadeildar LÍ 16.10.19

Fundinn setti Kristófer Þorleifsson formaður og bauð gesti velkomna á fyrsta fund haustsins. Gerði hann síðan stutta grein fyrir ferðum Öldungadeildar á liðnu sumri, fyrst norður í Árneshrepp sem heppnaðist afar vel í alla staði og síðan ánægjulegri ferð félagsmanna um Balkanskaga síðsumars sem tókst einnig með ágætum.

Þá minntist formaður 25 ára afmælisfagnaðar Öldungadeildarinnar í maí sl.

Síðan minntist formaður félaga ÖLÍ sem látist hafa frá síðasta fundi. Þeir voru:

Þorgeir Þorgeirsson, meinafræðingur, lést á 86. aldursári.

Guðbrandur Þórir Kjartansson heilsugæslulæknir, 78 ára.

Þórir Helgason lyflæknir og sérfræðingur í innkirtlasjúkdómum, 87 ára.

Snorri Ingimarsson krabbameinslæknir, 71 árs.

Sigurður Bogi Stefánsson, geðlæknir, 63 ára.

Einar Oddsson, lyflæknir, 77 ára.

Ólafur Einarsson, lýtalæknir, 69 ára.

Halldór Halldórsson, lyflæknir, 85 ára.

Björn Þorbjarnarson, skurðlæknir, 98 ára. Starfaði hann allan sinn starfsaldur í Bandaríkjunum.

Risu fundarmenn úr sætum og heiðruðu þannig minningu þessara látnu félaga.

Formaður kynnti síðan fyrirlesara fundarins Odd Sigurðsson jarðfræðing og efnafræðing sem fjallaði um bráðnun jökla og loftslagsbreytingar á Íslandi. K.Þ. gat þess jafnframt að Oddur væri góður söngmaður og hefði einnig á námsárum sínum í U.S.A. gert garðinn frægan með keppnisliði háskóla síns í ruðningi.

Oddur skýrði í máli og myndum breytingar helstu jökla landsins síðustu aldir og jafnframt hvernig hægt væri að lesa breytingar þeirra langt aftur í aldir, en hraði þeirra breytinga vex nú stöðugt. Sumarhiti og vetrarúrcoma ræður mestu um afkomu jöklanna og er sumarhiti í Stykkishólmi haldgott viðmið. Að óbreyttu verða allir stóru jöklarnir hérlandis (Langjökull, Hofsjökull og nær allur Vatnajökull) horfnir eftir eina öld! Ekkert land breytist jafn hratt og Ísland.

Úr borkjörnum jökla er hægt að greina eldgos Íslands sem eru 30 til 50 á hverri öld. Auðvelt er að tímasetja öskulögin og þannig hægt að greina loftslagssögu landsins. Saga íslensks veðurfars hverfur með jöklunum. Þegar fargi jöklanna léttir lyftist jarðskorpan, þó misjafnt eftir stöðum á landinu. Þannig er líklegt að innsiglingin inn í Hornafjörð verði ekki skipgeng þrátt fyrir fyrirsjáanlega hækkun sjávarmáls hér við land um 60 sm á næstu öld. Fyrirlesari skýrði auk margt annars eðli jökla og þá miklu orku sem í þeim felst auk áhrifa á jökulfljótin. Öll framsetning Odds og myndir var bæði glæsileg og skýr. Var honum vel þakkað að lokum og honum færð bókargjöf auk viðurkenningarskjals svo sem venja er til.

Formaður sleit síðan fundi og upplýsti um að á næsta fundi verði fyrirlesari Ólafur Örn Haraldsson fv. alþingismaður og þjóðgarðsvörður á Þingvöllum sem fjallar um „Kóningsveginn“ svo kallaða.

Jóhannes M. Gunnarsson
fundaritari